



Haldið fyrir eyrun á snáki!

Kjálkar og heyrn

Snákar hafa heyrnarbúnað í kjálkanum

Einkunnarorð

Einkunnarorð Hjalpræðishersins eru „Blóð og eldur“.

Páfi

Páfinn Adrian IV dó þennan dag árið 1159. Hann hét upphaflega Nicholas Breakspear og er eini Englendingurinn sem hefur verið páfi.

Blessuð veröldin

Leðurblökur

Leðurblökur eru ekki blindar eins og haldið hefur verið fram.

Hjartað

90 af hundraði hjartans er hægra megin í líkamanum.

Geispi

15 ára stúlka er sögð hafa geispað viðstöðulaust í 5 vikur árið 1888.



Listafólkið við uppsetningu sýningarinnar.

Ótroðnar slóðir á Kjarvalsstöðum

Um helgina opnuðu 4 skúlptúristar af yngri kynslóðinni sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum, þau Kristján Steingrímur, Íris Friðriksdóttir, Ólafur Gíslason og Ragnar Stefánsson.

Hér er á ferðinni sýning fólks sem hefur verið að kanna nýjar leiðir í myndlist á síðustu árum. Verkin eru öll nýleg, frumleg og fersk og listafólkið fer ótroðnar

Sýningar

slóðir við gerð þeirra og uppsetningu sýningarinnar.

Sýningin stendur yfir til 13. september og er opin frá kl. 10 til 18.

Færð á vegum



Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er unnið að viðgerð á veginum milli Þórshafnar og Bakka-fjarðar og eru því hraðatakmarkanir á þeirri leið.

Hálka er á Vopnafjarðarheiði og Öxarfjarðarheiði. Þá eru einnig

Umferðin

Þungatakmörkunir á Öxarfjarðarheiði þar sem hámarksöxulþungi er leyfður 7 tonn.

Fjallabílum er fært um flestar leiðir á hálendinu en gera má ráð fyrir að Gæsavatnaleið og Dyngjuvallaleið séu ófærar vegna snjóá. Hins vegar er Sprengisandur talinn fær öflugum fjórhjóladrifnum bílum.



Atriði úr myndinni Svo á jörðu sem á himni.

Svo á jörðu sem á himni í Háskólabíói

Nú um helgina var frumsýnd ný íslensk kvikmynd í Háskólabíói. Hér er á ferðinni myndin Svo á jörðu sem á himni sem Kristín Jóhannesdóttir leikstýrir og gerir handrit að.

Myndin var kvikmynduð á 12

Bíó í kvöld

vikum árið 1991. Flest útiatriði voru tekin á eyðibýlinu Horni í Hornafirði en jafnframt var tekið í Bláfjöllum, við Breiðamerkur-lón, á Vatnajökli, í Reykjavík, Grindavíkurfjöru og Krísuvíkurbergi, í höfninni í Gufunesi og um borð í seglskipinu Kaskelot sem leigt var sérstaklega frá Bretlandi til kvikmyndatökunnar. Inniatriðin voru hins vegar tekin í skemmu í Kópavogi.

Nýjar myndir

Laugarásbíó: Amerikaninn Háskólabíó: Rapsódía í ágúst Stjórnubíó: Ofursveitin Regnboginn: Varnarlaus Bíóborgin: Batman snýr aftur Bíóhöllin: Batman snýr aftur Saga-bíó: Veggfóður

Síðustu þriðjudagstónleikar sumarsins í kvöld

Síðustu þriðjudagstónleikar sumarsins verða í Sigurjónssafni í kvöld. Á dagskrá eru ljóðatónleikar þar sem fram koma þýska söngkonan Angela Spohr og Þóra Friða Sæmundsdóttir pianóleikari. Á efnisskrá eru lög eftir Leos Janacek, Arnold Schönberg, Benjamin Britten og Enrique Granados.

Angela Spohr er fædd og uppalin í Norður-Þýskalandi. Hún stundaði nám við Tónlistarháskólann í Freiburg og var síðan við framhaldsnám í Basel. Svið hennar spannar jafnt nútímavverk og verk frá róm-



Angela Spohr t.h. og Þóra Friða.

antíska og klassíska tímabilinu.

Þóra Friða Sæmundsdóttir lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1978 og stundaði

Skemmtanalífið

framhaldsnám í Freiburg og Stuttgart. Frá árinu 1984 hefur hún starfað sem pianóleikari og kennari í Reykjavík og tekið þátt í ýmiss konar tónlistarflutningi. Þóra Friða er félagi í Íslensku hljóm-sveitinni.

Hönnun: Nýr dagur

| | | |
|---|--------------------|-----------------------|
| LEIÐ 140 HLEMMUR/LÆKJARGATA LEIÐ 141 GRENSÁS/HLEMMUR | LEIÐ 63B BREIÐHOLT | LEIÐ 66 KÓPAVOGUR |
| LEIÐ 61 VESTURBÆR - HVAMMAR | LEIÐ 62 AUSTURBÆR | LEIÐ 63H HLÍÐARHJALLI |

Almenningsvagnar:

Kópavogur

Í Kópavogi aka Almenningsvagnar á þremur leiðum innanbæjar. Leið 61 sér um vesturbæ og Hamra, leið 62 um austurbæ og leið 63 sér um Hlíðarhjalla og Mjódd. Leið 61 og 62 aka á 20 mín. fresti virka daga frá

kl. 6.40 til kl. 18.40 en leið 63 ekur ýmist á 20 mín. fresti eða 40 mín.

Umhverfi

fresti eftir því hvort ekið er í Mjódd eða ekki. Eftir kl. 19 og um helgar er aðeins ekið á einni leið í bænum, leið 66, og er sá vagn á 30 mín. fresti. Frá skiptistöðinni í Kópavogi ekur svo leið 140 til Reykjavíkur.



Drengur fæddur á Landspítala

Þessi litli áhyggjulausi drengur fæddist á Landspítalanum 21. ágúst sl. klukkan 10.13.

Hann vó 3310 g við fæðingu og var 52 cm á lengd.

Foreldrar hans heita Katrín Geirsdóttir og Guðlaugur Pálsson og er þetta fyrsta barn þeirra.

Barn dagsins

Gengið

Gengisskráning nr. 164. - 1. sept. 1992 kl. 9.15

| Eining | Kaup | Sala | Tollgengi |
|---------------|---------|---------|-----------|
| Dollar | 52,350 | 52,510 | 52,760 |
| Pund | 104,349 | 104,668 | 104,694 |
| Kan. dollar | 43,820 | 43,954 | 44,123 |
| Dönsk kr. | 9,6618 | 9,6913 | 9,6812 |
| Norsk kr. | 9,4443 | 9,4732 | 9,4671 |
| Sænsk kr. | 10,2282 | 10,2595 | 10,2508 |
| Fi. mark | 13,5657 | 13,6072 | 13,5979 |
| Fra. franki | 10,9708 | 11,0043 | 10,9934 |
| Belg. franki | 1,8136 | 1,8192 | 1,8187 |
| Sviss. franki | 42,1328 | 42,2616 | 41,9213 |
| Holl. gyllini | 33,1781 | 33,2795 | 33,2483 |
| Vp. mark | 37,4062 | 37,5205 | 37,4996 |
| It. líra | 0,04895 | 0,04910 | 0,04901 |
| Aust. sch. | 5,3040 | 5,3202 | 5,3253 |
| Port. escudo | 0,4277 | 0,4291 | 0,4303 |
| Spá. peseti | 0,5785 | 0,5803 | 0,5771 |
| Jap. yen | 0,42653 | 0,42783 | 0,42678 |
| Írskt pund | 98,766 | 99,068 | 98,907 |
| SDR | 77,7026 | 77,9401 | 78,0331 |
| ECU | 75,5855 | 75,8166 | 75,7660 |

Simsvari vegna gengisskráningar 623270.

Krossgáta

| | | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | | | | | 9 | |
| 10 | 11 | | | 12 | 13 | |
| 14 | | | | | | |
| | 15 | | 16 | | | |
| 17 | | | | 18 | | |
| 19 | | 20 | | | | |

Lárétt: 1 lagsmaður, 8 karlmannsnafn, 9 borðhald, 10 hlaupa, 12 ferðast, 14 vindur, 15 tældu, 17 peninga, 18 afkomanda, 19 ónefndur, 20 haf.

Lódrétt: 1 þrjúskan, 2 einnig, 3 tapar, 4 gabb, 5 heimshlutanum, 6 komast, 7 ákveðni, 11 glyrnurnar, 13 æsir, 16 kropp.

Laun á síðustu krossgátu.
Lárétt: 1 safir, 6 fái, 8 áði, 9 vörn, 10 lati, 11 rán, 12 gyllini, 15 arinn, 17 et, 19 æð, 20 lurka, 22 tal, 23 nótu.
Lódrétt: 1 sálga, 2 aða, 3 fitil, 4 ívilnun, 5 rörin, 6 frá, 7 ánni, 13 yrða, 14 nekt, 16 il, 18 tau, 19 æt, 21 ró.